**1811132**

# GJALDSKRÁ fyrir búfjáreftirlit í Sveitarfélaginu Árborg

## 1. gr.

Umráðamaður búfjár skal greiða gjald fyrir sérstaka haustskoðun búfjáreftirlitsmanns sem fram fer skv. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 8.421 með virðisaukaskatti. Innifalið í gjaldinu er vinna búfjáreftirlitsmanns og akstur.

## 2. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og/eða hýsingar gripa samkvæmt ákvæðum laga nr. 103/2002 skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins við handsömun, fóðrun og/eða hýsingu í hvert sinn.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða árlega.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og öðlast þegar gildi.